**Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs**

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 130/1300
*komudagur* 10.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 09.03.04

**Málefni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, ELS-tíðindi.**

Tækninefnd fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkeréttindi á sviði iðnaðar, þskj. 613 – 442. mál, á fundi sínum þann 9. mars 2004.

Tækninefnd telur að rafræn útgáfa ELS-tíðinda, er varða hönnun, vörumerki og einkaleyfi, sé eðlileg framþróun við útgáfu slíkra upplýsinga. Tryggja verður þó að ávallt sé tryggt aðgengi að upplýsingunum í gegnum veraldarvefinn, auk þess sem gæta verður þess að þeir sem óska þess að fá ELS-tíðindi á prentuðu formi fái slíka þjónustu.

Tækninefnd fagnar framförum á sviði rafrænnar stjórnsýslu og telur að stefna beri að því að Ísland verði í fararbroddi meðal þjóða á því sviði

Virðingarfyllst,
f.h. tækninefndar

Hallgrímur Jónasson, formaður